

BORGARRÁÐ 7. apríl 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um deilu Loftkastalans við Reykjavíkurborg - MSS22040101

Fulltrúi Flokks fólksins hefur reynt að setja sig inn í þetta sérkennilega mál, Loftkastalamálið og hefur lagt fram allmargar fyrirspurnir um það. Fátt er um svör og ljóst er af skeytum til borgarfulltrúa að stórfelldur vandræðagangur ríkir í þessu máli hjá skipulagsyfirköldum og er því þessi fyrirspurn lögð fyrir borgarráð. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að spyrja núna af hverju fékk Reykjavík ekki óháðan aðila til mælinga, heldur var aðeins fyrirtækið Verkís spurt hvort þeir hefðu gert eitthvað vitlaust? Eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst næst stenst svar þeirra tæplega skoðun. Fulltrúi Flokks fólksins ítrekar allar fyrirspurnir og skorar á borgaryfirköld að ræða við hagaðila með það að markmiði að leysa málið. Þetta mál er svo viðamikili og flókið að réttast væri að innri endurskoðun tæki á því snúning